

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kogia.

1. gr.

Heiti.

Sjálfseignarstofnunin nefnist Kogia og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang Kogia ses. er í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur.

Tilgangur og markmið stofnunarinnar er að vera óhagnaðardrifið fjölmiðlasafn og náttúruverndarstúdíó helgað verndun náttúrunnar. Kogia framleiðir kvikmyndir, rekur áhrifaherferðir og býður upp á samskiptasvið sem einblínir á vísindi og náttúruvernd, með það að markmiði að efla dýpri skilning og þakklæti fyrir náttúrunni. Þetta félag er stofnað til að starfa í þeim lögumæta, almanna- og skattfrjálsa óhagnaðardrífna tilgangi sem leyfilegur er. Fjármunum stofnunarinnar verður varið í að greiða laun, ferðakostnað, kvikmyndabúnað, leyfi og annan tilfallandi kostnað sem byggir undir starfsemina.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnandi er Karim Jefferson Iliya, kt. 200490-5689

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er 1.750.000 kr. sem er framlag stofnanda félagsins.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnanda hennar.

6. gr.

Tekjur.

Tekjur stofnunarinnar skulu vera:

Ráðgjafar- og verkefnagjöld.

Framlög.

Styrkir.

7. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fæst þremur mönnum og a.m.k. einum varamanni. Stjórnin skal kosin til fjögurra ára og kýs fráfarandi stjórn nýja stjórn til sama tíma í lok kjörtímabils. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Fyrsta stjórn Kogia ses. skal kosin á stofnfundi.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, en kosnir skulu a.m.k. formaður, ritari, sem jafnframt skal vera varaformaður, og gjaldkeri. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Stofnandi getur ekki setið í stjórn stofnunarinnar.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða og hafa forræði á búi sínu. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og skipaður fjárvörsluaðili skulu á hverjum tíma uppfylla lögbundin hæfisskilyrði til setu í stjórn stofnunarinnar. Missi stjórnarmenn, framkvæmdastjóri eða skipaður fjárvörsluaðili hæfi til stjórnarsetu skulu þeir upplýsa sýslumann um það. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og skipaður fjárvörsluaðili skulu skýra satt og rétt frá högum stofnunarinnar í opinberum auglýsingum eða tilkynningum, skýrslum, ársreikningi eða tilkynningum til sýslumanns.

8. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

9. gr.

Framkvæmdastjóri.

Stjórn stofnunarinnar ræður einn eða fleiri framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör þeirra. Framkvæmdastjórn hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

10. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur (eða endurskoðendafélög) ásamt varamönnum til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

11. gr.

Reikningsárið.

Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 31. ágúst ár hvert. Ársreikningi ber að skila til sýslumanns fyrir 31. ágúst

ár hvert.

12. gr.

Bókhald.

Stofnunin skal færa bókhald um starfsemi sína. Stjórn, framkvæmdastjóri eða fjárvörsluaðili stofnunarinnar skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við lög um bókhald, nr. 145/1994.

Ákvæði laga um bókhald gilda um hæfi og störf skoðunarmanna og trúnaðarmanna. Trúnaðarmönnum er óheimilt að sitja í stjórn eða gegna stjórnunarstörfum fyrir stofnunina.

13. gr.

Ráðstöfun hagnaðar.

Hagnaði sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna er greinir í 3. gr. samþykktar þessarar. Þó er stjórn hennar heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar.

Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum félagsins eða fært á næsta reikningsár.

14. gr.

Breyting samþykktar, slit og sameining.

Heimilt er að breyta samþykkt stofnunarinnar og þarf til þess samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili, svo og samþykki þess aðila sem lagði fram stofnféð sem farið er með atkvæði fyrir. Til að auka skuldbindingar aðila þarf þó samþykki þeirra allra.

Með tillögum um slit og skipti á stofnuninni skal fara sem um breytingar á samþykkt þessari. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hrein eign hennar renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.

Þar sem ákvæði samþykktar þessarar ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

15. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumanns á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 4. maí 2026.

Thelma Dögg Theodórsdóttir.

Martyna Julia Czubaj.